



Veitur ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Dagsetning 16.1.2026
Málsnúmer URN26010020

Undanþága vegna jarðborunar í Hveragerðisbæ

Vísað er til erindis Veitna ohf. dags. 6. janúar sl. þar sem óskað er eftir undanþágu frá 9. gr. sbr. viðauka IV við reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Í erindinu er óskað eftir undanþágu vegna vinnu við borun hitaveituholu HS-10 í Hveragerði og að félaginu verði veitt heimild til að framkvæma allan sólarhringinn frá útgefnu leyfi og út janúar 2026.

Rökstuðningur undanþágubeiðni

Fram kemur í erindinu að Veitur ohf. fari með sérleyfi í dreifingu á heitu vatni í Hveragerði og vegna vaxandi byggðar sé nauðsynlegt að auka við forða svæðisins. Þann 26. nóvember 2025 hafi verið byrjað að bora holuna en stefnt sé að því að bora holuna á 275 m dýpi. Holan er staðsett í nálægð við holu HS-08 og sú hola geti ekki verið í rekstri á meðan borun stendur og því sé afhendingargeta takmörkuð. Vegna vandræða í jarðlögum hafi borun tafist og tjón orðið á búnaði. Framkvæmdin taki því mun lengri tíma en áætlað var og kuldatið hafi gert verkið erfiðara þar sem frýs í lögnum yfir nóttina á meðan verkstöðvun stendur. Af þeim sökum sækir Veitur ohf. eftir undanþágu frá reglugerð um hávaða til að geta sett sólarhringsvaktir á borun. Afar mikilvægt sé að ljúka borun sem fyrst svo Veitur ohf. geti mætt eftirspurn eftir heitu vatni þar sem fram undan séu köldustu mánuðir ársins. Í erindinu kemur fram að borsvæðið sé á skilgreindu iðnaðarsvæði en íbúðabyggð í grenndinni þar sem um 60 metrar séu í nálægasta íbúðarhúsnæði en þó hljóðmön þar á milli. Fjarlægð í önnur íbúðarhús sé minnst um 90 metrar. Atvinnuhúsnæði Veitna ohf., sorpmóttaka Hveragerðisbæjar og Hveragarðurinn sem er rekinn af Hveragerðisbæ eru við borstæðið.

Niðurstöður mælinga sýni að hljóðstig fari ekki yfir gildi fyrir atvinnustarfsemi á iðnaðarsvæði LAeq 70 dB, sem uppfylli kröfur í starfsleyfi. Þá muni framkvæmdarhávaði ekki hafa óásættanlega truflun í för með sér fyrir íbúa í nágrenninu en hljóðið sem um ræðir er suð í vélum og er ekkert í líkingu við t.d. fleygun. Vísast um þetta atriði til minnisblaðs Eflu verkfræðistofu sem framkvæmdi hljóðmælingar en þau gögn fylgdu með erindinu.

Í erindinu er áréttað að Veitur ohf. hafi lagt fram beiðnina að vel ígrunduðu máli þar sem metnir hafi verið heildarhagsmunir íbúa sveitarfélagsins og brýnt að tryggja órofið aðgengi að heitu vatni yfir köldustu mánuði ársins, jafnvel þótt það kunni að valda tímabundnum og vægum óþægindum í nokkra daga.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Ráðuneytið sendi erindi Veitna ohf. til umsagnar Heilbrigðisnefndar Suðurlands með tölvupósti dags. 6. janúar sl.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands (HES) kemur fram að ekki sé æskilegt að hávaðasamar framkvæmdir við íbúðabyggð standi yfir margar nætur í röð og því þurfi að koma skýrt fram hversu lengi áætlaðar framkvæmdir standi yfir. Heilbrigðiseftirlitið hafi óskað eftir nánari upplýsingum frá Veitum ohf. um áætlaða tímalengd verksins þ.e. yfir hversu marga daga sólarhrings vinna muni fara fram. Í svari Veitna ohf. hafi komið fram að það tæki því varla að setja á sólarhringsvaktir úr því sem komið sé en það myndi hjálpa ef verktakinn gæti byrjað klukkan 7:30 um helgar í staðinn fyrir kl. 10:00.

HES geri ekki athugasemd við að umbeðin undanþága frá viðauka IV í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 verði veitt að því tilskyldu að fram komi hversu margar nætur slík vinna megi fara fram og gerð krafa um að íbúar í nærliggjandi hverfum verði upplýstir fyrir fram um framkvæmdina og tímalengd hennar.

Afmörkun undanþágubeiðni

Í kjölfar umsagnar HES hafði ráðuneytið samband við umsækjanda þann 14. janúar sl. um það hvort enn væri óskað leyfi til framkvæmda allan sólarhringinn og umsækjanda gefinn kostur á að setja fram sín sjónarmið.

Svar barst frá umsækjanda samdægurs þar sem kom fram að umsækjandi héldi sig við undanþágubeiðnina eins og hún fór til ráðuneytisins, þ.e. heimild til borunar allan sólarhringinn út janúar. Borunin gangi vel og umsækjandi muni stefna að því að bora eins lítið og hægt sé á nóttinni en telji þó mikilvægt að hafa heimildina þar sem lítið þurfi að bregða út af til að slík verði nauðsynlegt í skemmri tíma.

Þann sama dag sendi ráðuneytið póst á HES þar sem óskað var upplýsinga þess efnis hvort að umsögn þeirra stæði miðað við upphaflegar forsendur undanþágubeiðninnar. Svar HES barst ráðuneytinu með pósti þann 15. janúar sl. þar sem HES staðfestir að hún mæli með því að umbeðin undanþága verði veitt.

Niðurstaða

Samkvæmt 41. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir getur ráðherra, þegar sérstaklega stendur á, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Umhverfis- og orkustofnunar, veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt 4. og 5. gr. laganna. Í 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti kemur fram að rekstraraðili skuli óska eftir slíkri undanþágu með skriflegri beiðni til ráðherra. Í beiðninni skal skýrt tilgreina frá hvaða skilyrði undanþágu er óskað, í hvaða grein það er að finna, umbeðinn gildistíma undanþágunnar, auk þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að meta hvort aðstæður séu svo sérstakar að rétt sé að veita undanþágu í viðkomandi tilviki. Þá segir jafnframt að veiti ráðherra undanþágu samkvæmt þessari grein, skuli heilbrigðisnefnd kveða á um hana í starfsleyfi, þar sem við á.

Með vísan til þess sem liggur fyrir í málinu, þ.e. að afhendingargeta á á heitu vatni er takmörkuð og mikið ríður á að ljúka borun svo hægt sé að mæta eftirspurn eftir heitu vatni yfir köldustu mánuði ársins og í ljósi jákvæðrar umsagnar HES fellst ráðuneytið á að veita Veitum ohf. umbeðna undanþágu frá 9. gr. sbr. IV viðauka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða þannig að heimilt sé að framkvæma allan sólarhringinn út janúar 2026. Kveða skal á um framangreinda undanþágu í starfsleyfi Veitna ohf. og skal heilbrigðisnefnd Suðurlands

birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur vegna framangreindrar starfsemi.

Undanþága þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Hún skal gilda til 1. febrúar 2026.
2. Íbúar í nærliggjandi hverfum skulu upplýstir fyrir fram um framkvæmdirnar og tímalengd þeirra.
3. Leitast skal við að halda næturvinnu í lágmarki og tilkynna íbúum í nærliggjandi hverfum sérstaklega þegar fyrséð er að vinna þurfi fleiri nætur í röð.

Fyrir hönd ráðherra,

Stefán Guðmundsson

Trausti Ágúst Hermannsson